

Akraneskaupstaður
akranes@akranes.is
Stíllholti 16-18
300 Akranesi

23. júní 2021

2101013 GT

Beiðni um færslu sveitarfélagamarka (breytt lögsögumörk).

Á 142. fundi umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann **15.6.2021** var gerð eftirfarandi bókun:

Erindi frá Akraneskaupstað.

Á 322. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 26.01.2021 var tekið fyrir erindi dags. 13.01.2021 frá Akraneskaupstað þar sem óskað var eftir færslu sveitarfélagamarka þ.e.a.s. breyttum lögsögumörkum milli sveitarfélaganna.

Samþykkti sveitarstjórn að vísa erindinu til umsagnar hjá Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar.

Málið var tekið fyrir á fundi þann 01.06.2021 hjá Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd og var málið frestað til næsta fundar.

Um er að ræða land sem kallað er Grjótkelduflói og Slaga, þar sem fyrirhugað er að atvinnustarfsemi muni rísa í framtíðinni og óskar bæjarstjórn Akraness eftir því við sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að samkomulag verði gert um færslu sveitarfélagamarka (staðarmarka) sbr. fylgigögn sem fylgdu með erindinu.

Í erindi Akraneskaupstaðar var vísað til 3. mgr. 4. gr. laga um sveitarfélög nr. 138 frá 2011, sem tilgreinir staðarmörk sveitarfélaga og getur ráðherra breytt mörkum sveitarfélaga ef samkomulag er um slíkt milli sveitarfélaga.

Með erindinu fylgdu eftirfarandi gögn/skjöl auk fleiri gagna sem skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar hefur aflað í kjölfar erindis Hvalfjarðarsveitar.

- 1)
Bréf frá bæjarstjóra Akraneskaupstaðar dags. 13.01.2021.
- 2)
Yfirlýsing um lögsögumörk milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar, ódagsett skjal.
- 3)
Yfirlitskort af landamerkjum á svæðinu, ódagsett skjal.
- 4)
Dwg-skrá (Auto-Cad) með landamerkjum sbr. punktur nr. 3.
- 5)
Punktatafla með skýringum á hnitum í dwg-skrá.
- 6)
Landamerki Akraneskaupstaðar austan og norðan Berjadalsár dags. 18.05.2020, ásamt viðaukum.

Í kjölfar afgreiðslu sveitarstjórnar var erindið tekið fyrir á 131. fundi umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefndar þann 16. febrúar 2021 og samþykkti nefndin að fela umhverfis- og skipulagsfulltrúa að kalla eftir ábendingum/athugasemdum aðliggjandi landeigenda vegna marka landeigna vegna erindisins.

Var landeigendum aðliggjandi lands kynnt erindi Akraneskaupstaðar og boðið að koma með ábendingar eða gera athugasemdir við þau landamerki sem vísað var til í fylgiskjöllum í gögnum Akraneskaupstaðar, áður en Umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd fjallaði um erindið að nýju.

Óskað var eftir að athugasemdir eða ábendingar lægju fyrir í síðasta lagi 18. maí 2021. Ekki var um að ræða grenndarkynningu eða slíkt, heldur var um að ræða kynningu á þeim landamerkjagögnum sem lágu til grundvallar í erindi Akraneskaupstaðar og sem kunnu að varða hagsmuni aðliggjandi landeigenda. Engar athugasemdir bárust frá landeigendum.

Umrætt land sem í daglegu tali er kallað Grjótkeldufloí og Slaga hefur verið í eigu Akraneskaupstaðar síðan árið 1928 en er innan sveitarfélagamarka Hvalfjarðarsveitar. Á svæðinu er skógræktarreitur á vegum Skógræktarfélags Akraness á um 30-40 ha svæði, þar er efnislosunarsvæði eða svokallaður jarðvegstíppur á vegum Akraneskaupstaðar, þar er Skotfélag Akraness með æfingasvæði skotfélagsins þar sem er rekstur skotíþróttavalla- og æfingasvæðis ólympískra íþróttagreina en starfsemin hófst árið 1995, á svæðinu eru beitarhólf fyrir hross og sauðfé, þar eru gönguleiðir og útivistarstígar svo sem í tengslum við Akrafjall, reiðleiðir og svo mætti áfram telja. Á svæðinu er því fjölbreytt landnotkun og aðstaða henni tengd.

Umrætt heildarsvæði er cirka 233,28 hektarar að stærð ef tekið er mið af Berjadalsá sem landamerkjum milli sveitarfélaganna tveggja. Skiptist svæðið gróflega í „láglandissvæði“ ca. 154,33 ha og „fjallendi“ ca. 78,95 ha. Hagsmunir Hvalfjarðarsveitar vegna lands á láglandi eru óverulegir enda er öll starfssemi á svæðinu á vegum Akraneskaupstaðar. Hins vegar telur nefndin að eðlilegt sé að fjallendi sé áfram innan marka Hvalfjarðarsveitar þar sem það verði heildrænt innan marka sama skipulagssvæðis.

Í ljósi erindis Akraneskaupstaðar og þeirra hagsmuna sem Akraneskaupstaður hefur af færslu sveitarfélagamarka/lögsögumarka sveitarfélaganna vegna fyrirliggjandi hugmynda um uppbyggingu á svæðinu, samþykkir umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd fyrir sitt leyti færslu sveitarfélagamarka milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar fyrir „láglandi“ svæðisins, skv. línu sem dregin væri milli fjallendisins og skógræktarsvæðis Skógræktarfélags Akraness (sjá meðfylgjandi uppdrætti).

Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

Á 332. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **22.6.2021** var tekið fyrir mál

Beiðni um færslu sveitarfélagamarka (breytt lögsögumörk).

Erindi frá Akraneskaupstað.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um færslu á sveitarfélagamörkum á láglandi milli Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar. Mörk sveitarfélaganna verði óbreytt í Akrafjalli sbr. meðfylgjandi uppdrætti."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum, HH sat hjá og EÓG var á móti.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar
skipulag@hvalfjardarsveit.is